



Borgarráð

Suðurlandsbraut 72, leiga

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi leigusamning við Hjálpræðisherinn, kt. 620169-1539 um afnot af hluta af aðstöðu húseign þeirra við Suðurlandsbraut 72.

Greinargerð:

Að ósk Skóla- og frístundasviðs er óskað eftir að taka á leigu hluta húsnæðis Hjálpræðishersins við Suðurlandsbraut 72 fyrir Vogaskóla á meðan unnið er að endurbótum á hluta skólans. Aðstaðan á Suðurlandsbraut verður notuð undir kennslustofur fyrir hluta af nemendum Vogaskóla eða fyrir rúmlega 80 nemendur. Um er að ræða hluta húsnæðis á 1. og 2. hæð auk sameignar.

Leiga er krónur 1.000.000 á mánuði með virðisaukaskatti. Innifalið í leigunni er hiti, rafmagn og ræstingar, auk búnaður í hinu leigða, s.s. borð og stólar.

Leigusamningurinn er tímabundinn og hefst leigutími við afhendingu eignar þann 22. október 2022 og er til 31. desember 2022. Að þeim tíma liðnum myndast ótímabundinn samningur milli aðila en gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 2 vikur.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Leigusamningur dags. 21. október 2022

LEIGUSAMNINGUR UM SUÐURLANDSBRAUT 72

1. Aðilar leigusamnings:

Leigusali: Hjálpræðisherinn kt. 620169-1539, Suðurlandsbraut 72, 108 Reykjavík.
Tengiliður: Hjördís Kristinsdóttir s. 690 2468, hjordis@herinn.is

Leigjandi: Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.
Tengiliður: Daniela Katarzyna Zbikowska s. 620-3871, daniela.kz@reykjavik.is

2. Lýsing leiguhúsnaðis:

Hið leigða er hluti af samkomuhúsi Hjálpræðishersins að Suðurlandsbraut 72 í Reykjavík, fasteignanúmer F2352478 auk matsals. Sjá nánar afmörkun hins leigða á meðfylgjandi teikningu í fylgiskjali 1. Leigutaki mun hafa afnota af lóð hússins að sunnaverður á meðan skólustarf fer fram á staðnum.

3. Afnot

Leigutaki mun einungis nota rýmin til kennslu og þá á virkum dögum frá kl. 8 að morgni til kl. 14 eftirmiðdags. Utan þess tíma hefur leigusali full afnota að rýmum. Leigutaki mun í lok hvers dags taka til og pakka sínum búnaði saman þannig að leigusala sé unnt að nýta rýmin að vild utan umsamins afnotatíma. Leigutaki mun fá afnot af matsal hússins frá u.þ.b. 11 – 12 á virkum dögum.

4. Leigutími:

Leigusamningurinn er tímabundinn og hefst leigutími við afhendingu eignar þann 22. október 2022 og er til 31. desember 2022. Að þeim tíma liðnum myndast ótímabundinn samningur milli aðila en gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 2 vikur.

5. Fjárhæð og greiðsla húsaleigu:

Grunnfjárhæð leigunnar skal vera kr. 1.000.000,- á mánuði. Við mánaðarlega leigufjárhæð bætist ekki virðisaukaskattur. Húsaleiga verður innheimt frá og með afhendingu og greiðist eftir á fyrir hvern mánuð eða hluta mánaðar miðað við skila á rýmum húsnæðisins. Leigufjárhæð er hvorki tengd fermetrafjölda húsnæðis né lóðar.

Reikningur vegna húsaleigu skal sendast á: Reykjavíkurborg – eignasjóður kt. 570480-0149. Leigjanda ber að standa skil á húsaleigu mánaðarlega eftir á og er gjalddagi leigunnar 1. dagur hvers mánaðar eftir viðkomandi mánuð og eindagi 15 dögum síðar. Reikningar leigusala skulu berast leigjanda 25 dögum fyrir eindaga til að dráttarvextir teljist réttmætir. Húsaleiga er innheimt með útsendum reikningum af hálfu leigusala.

6. Tryggingar:

Ekki verða settar fram sérstakar tryggingar gagnvart leigusamningi þessum.

7. Greiðsla rekstrarkostnaðar:

Leigusali greiðir allan rekstrarkostnað fyrir hið leigða rými. Til rekstrarkostnaðar telst m.a. öll rafmagnsnotkun, notkun vatns, hitunarkostnaður, rekstur á öryggiskerfi í sameign,

Handwritten signature and initials in blue ink.

brunakerfa, rekstur á lyftum, þrif á sameign, gluggaþrif utanhúss, sorphirða og rekstur bílastæða og lóðar. Leigusali mun sjá um og greiða fyrir þrif.

Leigusali skal greiða af hinu leigða húsnæði öll opinber gjöld og skatta, þar á meðal fasteignagjöld, brunatryggingu og húseigendatryggingu.

8. Ástand hins leigða, breytingar og skil:

Húsnæðið verður afhent í núverandi ástandi. Leigjandi hefur kynnt sér ástand hins leigða og tekur við húsnæðinu hreinu í upphafi leigutíma.

Allar aðrar breytingar á húsnæðinu eða búnaði þess af hálfu leigjanda skulu vera með skriflegu leyfi leigusala og á kostnað leigjanda.

Leigjandi skilar húsnæðinu ásamt fylgifé hreinu að leigutíma loknum og í sambærilegu ástandi og þegar hann tók við því að teknu tilliti til eðlilegs slits. Allar endurbætur og breytingar verða eign leigusala að leigutíma loknum og verða aðeins framkvæmdar í fullu samráði við hann.

9. Viðhald húsnæðisins og bótaábyrgð:

Leigusali annast á sinn kostnað nauðsynlegt og eðlilegt viðhald innanhúss, svo sem á raftenglum, ljósum, vatnskrönum, gluggarúðum, hurðum, hurðabúnaði o.þ.h., á meðan leigutími varir.

Leigusali annast á sinn kostnað allt viðhald utanhúss og á stofnlögnum.

Leigjandi skuldbindur sig til að fara vel og þrifalega með hið leigða, hvort heldur er húsnæðið sjálft eða sameign.

Leigutaki ber ábyrgð á tjóni á hinu leigða samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 og almennum reglum skaðabótalaga.

10. Vanefndir:

Um samning þennan gilda riftunarreglur húsaleigulaga nr. 36/1994. Áður en til riftunar kemur skal sá sem riftun vill beita skora á gagnaðila að bæta ráð sitt innan 30 daga frá því að honum berst tilkynning með sannanlegum hætti.

11. Önnur ákvæði:

Samningurinn er gerður með fyrirvara um að nauðsynleg leyfi fáiast samþykkt.

Um samskipti leigusala og leigjanda og um réttindi og skyldur hvors um sig, gilda að öðru leyti en í samningi þessum greinir og eftir því sem við geta átt, ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 með áorðnum breytingum.

Samningur þessi er gerður í 2 samhljóða eintökum handa hvorum aðila fyrir sig.

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegir og undirritaðir af báðum aðilum. Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, sem samningur þessi gerir ráð fyrir, skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Rísi mál út af samningi þessum skal það höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestingar, rita aðilar nöfn sín hér undir í viðurvist vitundarvotta.

Rmú 21.10.22

Staður og dags.

Leigusali

Myrdin Kristinsd.
f.h. Hjálpræðishersins, kt. 620169-1539

Leigjandi

[Signature]
f.h. leigjanda Reykjavíkurborgar –
eignasjóðs

Með fyrirvara um samþykkt borgarráðs



Samþykki eiganda

Myrdin Kristinsd.

f.h. Hjálpræðishersins trúfélags, kt. 670812-1970

Vottar að rétttri undirskrift, dags., og fjárræði:

Andriót Kristjánsson 230784-2729

Jón J. 130473-5559

Suðurlandsbraut 72

Tímabundin breyting á notkun í rými skráð samkomuhús yfir í skóla

Skjalnúmer: 22091
Útgefingarárstími: 15.10.2022
Gönguáfangi: 1. hæð

Þessi skýrsla er höfuðvörðveitt og byggir á álagningum höfuðvörðveitts áskjalnúmers 15171/2022.
Áskjalnúmer: 15171/2022

Staðsetning: Suðurlandsbraut 72, Reykjavík
Umfeld: 15171/2022

Skilgreining: Breyting á notkun í rými skráð samkomuhús yfir í skóla

Ástæða: Breyting á notkun í rými skráð samkomuhús yfir í skóla


Skjalnúmer: 22091

Útgefingarárstími: 15.10.2022

Gönguáfangi: 1. hæð



- 1. Höfuðvörðveitt skjalnúmer
- 2. Höfuðvörðveitt skjalnúmer
- 3. Höfuðvörðveitt skjalnúmer
- 4. Höfuðvörðveitt skjalnúmer
- 5. Höfuðvörðveitt skjalnúmer
- 6. Höfuðvörðveitt skjalnúmer



- Höfuðvörðveitt skjalnúmer
- A skjal vsk.
- Virðingur álagningu
- A skjal vsk.
- Búferingavörðveitt skjalnúmer
- A skjal vsk.
- Virðingur álagningu
- A skjal vsk.
- Zona vörðveitt skjalnúmer
- A skjal vsk.
- Virðingur álagningu
- A skjal vsk.

Suðurlandsbraut 72

NOLAND

Skjalnúmer: 22091
Útgefingarárstími: 15.10.2022
Gönguáfangi: 1. hæð

Skjalnúmer: 22091
Útgefingarárstími: 15.10.2022
Gönguáfangi: 1. hæð

Handwritten signature/initials in blue ink.

Suðurlandsbraut 72

Tímabundin breyting á notkun í rými skráð samkomuhús yfir í skóla

REKJUNAR ÁSKAMMVAIR OG SLÓÐIR 218 2221
 HVA. 42/2018, 42/2019, 42/2020 OG 42/2021

- Reiðingseftirlit
— Á skák. vgr.
- Væðingseftirlit
— Á skák. vgr.
- Rafingnavekkifræðingur
— Á skák. vgr.
- Búskobólavekkifræðingur
— Á skák. vgr.
- Lagnavekkifræðingur
— Á skák. vgr.
- Umhverfisvekkifræðingur
— Á skák. vgr.

Suðurlandsbraut 72

NÖLÖND

Skrautveggur og
 skrautveggur
 Sölvaugur og
 Sölvaugur
 Sölvaugur og
 Sölvaugur

Útflutningur
 2.0/2018 Nov. 1.1.18
 2.0/2018

